

Ársskýrsla SOS Barnaporpanna á Íslandi

2022

 SOS
BARNAPORPIN





Efnisyfirlit

Inngangur	3
Frá framkvæmdastjóra	5
Árið í hnotskurn	6
Styrktarleiðir SOS	7
Fjölgun SOS-foreldra	9
Í SOS fréttum er þetta helst	10
Stríð í Úkraínu - börnin eru mjög hrædd	15
Saumavél bjargaði fjölskyldunni	16
Stærsta fjáröflunarverkefni ársins	17
Þessi ferð gerði mig eiginlega orðlausan	18
Þróunar- og neyðarverkefni	20
Skólamál	21
Velgjörðafyrirtæki SOS.....	22
Fjármál	23
Fjármál og lykiltölur 2022	24
SOS fólkið á Íslandi 2022	25

Inngangur

SOS Barnaþorpin eru fyrst og fremst barnahjálparsamtök sem veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. SOS Children's Villages eru stærstu óháðu hjálparsamtök heims sem einblína á börn án foreldraumsjár og jafnframt á ósjálfbjarga barnafjölskyldur í sárafatækt. Aðaláhersla SOS Barnaþorpanna er á að börn þrífist best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju foreldra eða umsjónarfólks, ásamt systkinum sínum á stað sem þau geta kallað heimili. Samtökin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949 af Hermann Gmeiner. Starfsemin á Íslandi hófst árið 1989 og felur eingöngu í sér fjáröflun og þjónustu við styrktaraðila hér á landi.

Umfang starfseminnar

SOS Barnaþorpin starfa í 138 löndum, óháð stjórnámálum og trúarbrögðum. Samtökin hafa beina umsjá með 69.200 börnum og ungmennum allan sólarhringinn. Umönnun barnanna er í 1.386 starfseiningum, þar af í 533 SOS barnaþorpum sem er elsta og þekktasta fyrirkomulag starfseminnar. Aðrar starfseiningar umönnunar barnanna eru tímabundin og hefðbundin fósturheimili, ungmennaheimili og önnur umönnun. SOS Barnaþorpin reka einnig fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla og heilsugæslustöðva auk þess að sinna almennu mannúðarstarfi, svo sem neyðar-, þróunar-, mannúðaraðstoð og umbótaverkefnum, allt í þágu barna og velferðar þeirra.

Umfangsmikil starfsemi SOS Barnaþorpanna er forvarnarverkefnið fjölskylduefling. Markmið fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að efla foreldrana til fjárhagslegs sjálfstæðis. Árið 2022 voru starfrækt alls 768 verkefni í fjölskyldueflingu SOS víða um heim og eru þrjú þeirra íslensk, verkefni í Eþíópíu, Malaví og Rúanda. SOS Barnaþorpin náðu til alls 512.500 manns með fjölskyldueflingu á árinu 2022, þ.e. barna, ungamenna og foreldra þeirra. Það eru 99.300 fjölskyldur. Fjölskyldueflingin er nánar útskýrð síðar hér í ársskýrslunni.

Stóraukin neyðaraðstoð

Starfsemi SOS Barnaþorpanna náði til yfir 2,5 milljóna barna, ungmenna og fullorðinna í gegnum tæplega þrjú þúsund verkefni á árinu 2022. Það er nærri tvöföldun á fjölda einstaklinga frá árinu áður. Þessi mikla aukning felst aðallega í stóraukinni neyðaraðstoð í hamförum. Ber þar helst að nefna stríðið í Úkraínu, stríðsátök í Eþíópíu, þurrkar á austurhorni Afríku og flóð í Pakistan.

Frá stofnun SOS er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna. Samtökin hafa með beinum hætti framfært fjórum milljónum barna frá upphafi og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðrar kynslóðir barna sem njóta góðs af starfi samtakanna.

Hans Steinar Bjarnason

Upplýsingafulltrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Tilfinningaleg
tengsl
foreldra við
börn geta
breytt heiminum

EITT AF HVERJUM TÍU BÖRNUM

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að eitt af hverjum tíu börnum og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau eru að alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum.

Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur víthringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf SOS Barnaþorpanna snýst um að breyta þessu.

2,55 m



Hjálparstarf SOS náði til **2,55 milljóna** manna árið 2022

138



SOS Barnaþorpin starfa í **138** löndum

69.200



69.200 börn og ungmenni búa í barnaþorpum og sambærilegri fjölskylduumönnun SOS

44%



44% barnanna eru í samskiptum við fjölskyldur sínar. Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd, jafnvel þó kynforeldrar þeirra geti ekki séð fyrir þeim.

85%



85% gengur vel í námi

512.000



512.000 börn, ungmenni og foreldrar þeirra í sárafátækt fá betra líf í fjölskylduefningu SOS.

1,4 m



Neyðaraðstoð SOS náði til **1,4 milljóna** manna árið 2022

22.000



Um **22.000** Íslendingar styrktu SOS á árinu 2022

9.150



Um **9.150** börn og ungmenni eiga íslenska SOS-foreldra

Frá framkvæmdastjóra

Árið 2022 var þrýðilegt ár hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi. Aldrei hafa tekjur samtakanna verið hærrí og nutu þúsundir barna víða um heim góðs af stuðningi Íslendinga við samtökin.

Munaðarlaus og yfirgefin börn, ásamt þeim börnum sem eiga á hættu aðskilnað við foreldra sína eru sem fyrr sá hópur barna sem SOS Barnaþorpin horfa helst til og hjálpa með dyggum stuðningi þúsunda íslenskra styrktaraðila.

Mánaðarlegum styrktaraðilum fjölgaði um 3,4% á árinu. Munar þar mest um fjölgun SOS foreldra, sem einnig hafa verið kallaðir styrktarforeldrar, um 5%. Á móti fækkaði barnaþorpsvinum og fjölskylduvinum lítillega.

Áðurnefnd fjölgun SOS foreldra er að mestu tilkomin vegna sjónvarpsþáttarins Rúrik og Jói í Malaví sem sýndur var í Sjónvarpi Símans og segir frá ferð Rúriks Gíslasonar velgjörðarsendiherra SOS og Jóhannesar Ásbjörnssonar til Malaví þar sem þeir hittu SOS styrktarbörn sín. Þátturinn gaf góða mynd af starfsemi SOS Barnaþorpanna og mikilvægi þess starfs sem samtökin standa fyrir.

Rekstur SOS Barnaþorpanna á Íslandi gekk vel á árinu og urðu engar starfsmannabreytingar. Stöðugildi á skrifstofu samtakanna eru 5,6. Um vorið voru samtökin útnefnd Fyrirmyndarfyrirtæki VR í flokki lítilla fyrirtækja, en sá heiður hlotnast fyrirtækjum sem fá framúrskarandi einkunn sem góður vinnustaður efir að Gallup, fyrir hönd VR hefur fengið að leggja spurningalista fyrir allt starfsfólk.

Á árinu tók gildi fjögurra ára rammisamningur Utanríkisráðuneytisins við SOS Barnaþorpin, sem tryggir samtökunum ákveðinn stöðugleika í fjármögnun þróunarverkefna á borð við Fjölskylduefingu í fátækari ríkjum heims. Skýrir þessi samningur þá aukningu sem orðið hefur í opinberum framlögum. Um leið gerir samningurinn miklar kröfur til okkar um eftirlit og skýrslugjafir.

Hér í þessari ársskýrslu gefur að líta nokkrar tölur úr ársreikningi samtakanna en ársreikningurinn í heild sinni er birtur á vefsíðu okkar sos.is.

Óskir þú enn frekari upplýsinga en fram koma í ársskýrslu og ársreikningnum er þér alltaf velkomið að hafa samband við okkur á skrifstofu samtakanna í síma 564 2910 eða í netfangið sos@sos.is.

Með hjartans þökk fyrir stuðninginn við börnin



Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Árið í hnotskurn

Á árinu 2022 styrktu 21.874 einstaklingar og 717 fyrirtæki SOS Barnaporpin á Íslandi, ýmist með mánaðarlegum framlögum, stökum eða bæði, og fjölgaði styrktaraðilum um 372 frá fyrra ári. Framlög einstaklinga og fyrirtækja námu 616,6 milljónum kr. á árinu en voru 582,8 árið 2021. Opinber framlög hækkuðu milli ára og námu 94,8 milljónum kr., samanborið við 40 milljónir kr. árið 2021. Þannig námu heildarframlög styrktaraðila 711,5 milljónum kr. á árinu 2022 og hækkuðu þau um 88,7 milljónir kr. milli ára.

Þrátt fyrir að framlög styrktaraðila hafi hækkað um tæpar 90 milljónir kr. milli ára nam hækkun heildartekna samtakanna ekki nema 35 milljónum og voru 704,4 milljónir kr. árið 2022. Skýrist það þannig að liðurinn fjármagnstekjur og gengishagnaður/tap var neikvæður um 10 milljónir kr. á árinu 2022 en jákvæður um 44 milljónir kr. árið 2021.

Frá stofnun samtakanna hér á landi hefur almenningur stutt dyggilega við starfið og var þar engin undantekning á árinu 2022. Af þeim 711,5 milljónum sem söfnuðust frá styrktaraðilum kom 84% styrkja frá almenningi eða tæpar 600 milljónir kr. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá SOS-foreldrum og Barnaporpsvinum sem við sendum til barnaporpa í 109 löndum.

Sem fyrr voru stök framlög eins og valkröfur stór hluti heildarframlaga auk sölu á jóla-, minningar- og gjafakortum. Börn styrktu SOS með ágóða af skemmtilega fjölbreyttum fjáröflunarleiðum sem fyrr og er alltaf ánægjulegt að verða vitni af því hvað íslenskum börnum er umhugað um jafnaldra sína sem búa við aðrar aðstæður annarsstaðar í heiminum.

Af heildartekjum ársins var hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar 19,1% sem er fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak á rekstrarkostnaði. Þess ber þó að geta að inni í þeirri tölu er launakostnaður vegna beinnar umsýslu starfsfólks hér á landi við erlend- og innlend verkefni. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði erlendra- og innlendra verkefna nemur kostnaðarhlutfallið 17,4%. Þetta þýðir að á árinu 2022 runnu 826 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparstarfið.

Rakel Lind Hauksdóttir

fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaporpanna á Íslandi

826 kr
af hverjum
1.000 kr
runnu í sjálft
hjálpstarfið

711,5 m



Heildarframlög
styrktaraðila SOS
2022

Styrktarleiðir SOS

SOS-foreldrar

Til eru ýmsar leiðir til að styðja við starf SOS Barnaþorpanna en sú þekktasta er án efa styrktarforeldraleiðin SOS-foreldri. Það er sem fyrr langfjölmennasti hópurinn af þeim sem teljast til mánaðarlegra styrktaraðila, þ.e. þeirra sem hafa skuldbundið sig til mánaðarlegra greiðslna. Þeir greiða mánaðarlega upphæð, 3.900 krónur að lágmarki, sem gerir samtökunum kleift að veita umkomulausu barni fjölskyldu á ástríku heimili í barnaþorpi eða sambærilegu heimili. SOS-foreldrar fá bréf tvisvar á ári frá barnaþorpinu sem styrktarbarnið býr í. Í öðru bréfinu er mynd af barninu og persónulegar upplýsingar um það en í hinu bréfinu eru almennar myndir og fréttir af lífinu í barnaþorpinu.

Börnin sem eiga SOS-foreldra búa flest í SOS barnaþorpum. Þau stunda nám og fá öllum grunnþörfum sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta. Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS- móðirin eða faðirinn sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar. SOS-mamman/pabbinn sér um að börnin búi við öryggi, umhyggju og ást. Enn sem komið er eru SOS mæður í meirihluta en SOS feðrum er sífellt að fjölga. Börnin sækja skóla í nágrenninu eða skóla sem samtökin hafa reist og eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands.

SOS-fjölskyldur utan barnaþorpa

Undanfarin ár hefur fjölbreytni aukist í umönnun barna hjá samtökunum og þeim fjölga SOS-fjölskyldunum sem búa utan barnaþorpanna. Yfirvöld víða um heim eru í auknum mæli að afstofnanavæða umönnun munaðarlausra barna, þ.e. leggja niður ýmisskonar fósturheimili, og jafnvel þó SOS Barnaþorpin séu andstæðan við fyrirbærið *stofnun* fellur skilgreining á starfsemi SOS undir starfsemi stofnana í mörgum löndum víða um heim.

Það hefur alltaf verið einkenni SOS Barnaþorpanna að sjá munaðarlausum börnum fyrir persónulegri og fjölskylduvænni umönnun. Þær breytingar sem samtökin eru að ganga í gegnum fela í sér að fjölskyldur flytjast inn í almenn íbúðahverfi en heyra þó áfram undir starfseiningar SOS Barnaþorpanna sem sjá um rekstur hvernar fjölskyldu.

Í hvað fer framlag SOS-foreldra?

Framlag SOS-foreldra fer í framfærslu og velferð styrktarbarnsins. SOS-foreldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum. Sú fjárhæð rennur óskert til barnsins. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma á laggirnar atvinnurekstri. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum SOS-foreldrum á árinu var um 13,6 milljónir króna.



Barnaþorpsvinir

SOS-barnaþorpsvinur er önnur leið til að verða mánaðarlegur styrktaraðili. Barnaþorpsvinir styrkja eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi með mánaðarlegu framlagi sem nemur 3.400 krónum. Framlagið fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megri öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. Rekstur barnaþorps felst m.a. í uppbyggingu, viðhaldi og almennri starfsemi þorpsins. Barnaþorpsvinir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað.

Fjölskylduvinir

SOS Barnaþorpin líta svo á að best sé fyrir börn að alast upp hjá kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð og eru þessi verkefni fjármögguð annars vegar með stuðningi utanríkisráðuneytisins og fyrirtækja og hins vegar með framlögum mánaðarlegra styrktaraðila sem nefnast SOS-fjölskylduvinir. Þeir styðja við verkefnið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali frá 1000 krónum og upp úr.

Markmið fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að efla foreldrana til sjálfstæðis. Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar eru illa staddar barnafjölskyldur og er þeim hjálpað að koma undir sig fótunum og mæta grunnþörfum barnanna. SOS Barnaþorpin vinna í nánú samstarfi við samfélög, samstarfsaðila og yfirvöld á hverju svæði fyrir sig í þessum tilgangi. Þegar nauðsynlegt þykir og talið er vera í hag barnsins er gripið til næstu möguleika sem eru að barnið alist annað hvort upp hjá fósturfjölskyldu eða SOS-fjölskyldu í barnaþorpi.

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna fjölskyldueflingu í þremur löndum sem öll eru í Afríku. Frá árinu 2018 í Eþíópíu og á árinu hófust svo ný verkefni í Malaví og Rúanda. Í hverju landi eru skjólstæðingar um það bil 1.600 börn, ungmenni og foreldrar þeirra.


Fjölgun SOS-foreldra

Stuðningur Íslendinga við umkomulaus börn í gegnum SOS Barnaþorpinn er eftirtektarverður í aðildarlöndum SOS og fyllir það okkur stolti og þakklæti. Sjötta árið í röð eru mánaðarlegir styrktaraðilar fleiri en tíu þúsund. SOS-foreldrum fjölgaði um 426, Barnaþorpsvinum fækkaði um þrjá og fjölskylduvinum fækkaði um 74. Sem fyrr skipti desembermánuður sköpum en í þeim mánuði fjölgaði SOS-foreldrum töluvert auk þess sem fjöldi nýrra styrktaraðila bættist í hópinn í kjölfar sjónvarpsþáttarins um heimsókn Rúriks og Jóa í barnaþorp í Malaví. Framleiddur var sjónvarpsþáttur um ferð þeirra sem gefur styrktaraðilum innsýn í það mikilvæga starf sem unnið er á vettvangi samtakanna. Eins og fyrr segir er starfið að mestu leiti fjármagnað af einstaklingum og það er vegna þeirra sem samtökin geta unnið þetta starf.

Mánaðarlegir styrktaraðilar á Íslandi í lok árs 2022

Mánaðarlegir styrkir	Fjöldi	Breyting
Styrktarbörn SOS-foreldra	9.151	+426
Barnaþorpsvinir	576	-3
Fjölskylduvinir	1.015	-74
Mánaðarlegir alls	10.742	+349

Fram til ársins 2019 fjölgaði mánaðarlegum styrktaraðilum mikið en frá þeim tíma hefur fjöldi þeirra nokkurn veginn staðið í stað. Áhrif heimsfaraldursins Covid-19, stýrivaxtahækkunar og verðbólga hafa gert síðustu ár krefjandi fyrir okkur öll. Segja má að nokkur óvissa hafi ríkt í samfélaginu síðustu misseri sem hefur leitt til þess að einhverjir styrktaraðilar hafi þurft frá að hverfa en að sama skapi hafa nýir bæst hópinn.



Í SOS fréttum er þetta helst



Fjölskylda sem er nýútskrifuð úr samskonar fjölskylduefingu í nágrenni verkefnasvæðis okkar í Rúanda.

Ný fjölskylduefing í Rúanda

SOS Barnaþorpin á Íslandi hrundu af stað nýrri fjölskylduefingu í Rúanda. Þetta er fimmta fjölskylduefingarverkefnið frá upphafi sem er á ábyrgð SOS á Íslandi. Það er til fjögurra ára eða út árið 2025. Fjölskylduefing SOS er forvarnarverkefni. Markmið hennar er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að styðja fjölskyldurnar til fjárhagslegs sjálfstæðis. Verkefnið okkar í Rúanda er í Nyamiyaga hlutanum í Gicumbi héraði og eru skjólstæðingar þess um 1.400 börn og ungmenni og foreldrar þeirra í 300 fjölskyldum sem búa við sárafátækt. Af 21 þúsund íbúum þessa svæðis búa yfir 6.200 þeirra við örbirgð. Þjóðarmorðin árið 1994 lögðu áður veikbyggða innviði landsins í rúst og glímur þjóðin enn við afleiðingar þeirra.

Fjögur SOS barnaþorp eru í Rúanda og í þeim búa 47 börn sem eiga SOS-foreldra á Íslandi. Verkefnasvæðið okkar er nálægt barnaþorpinu í Byumba, höfuðborg Gicumbi hérðs. Þar búa 12 börn sem eiga SOS-foreldra á Íslandi.


Ný fjölskylduefing í Malaví

Ný fjölskylduefing á vegum SOS á Íslandi hófst í Malaví á árinu. Verkefnið er fjármagnað af SOS á Íslandi með stuðningi Utanríkisráðuneytisins. Fjölskylduefingin í Malaví er í Ngabu

í Chikwawa héraði og nær beint til 1.500 barna og ungmenna í 400 fjölskyldum sem fá ekki grunnþörfum sínum mætt vegna bágra aðstæðna foreldra þeirra eða forráðamanna. 15 þúsund skólabörn af 500 heimilum munu einnig óbeint njóta góðs af verkefninu út árið 2024 því verkefnið styður við afar veikbyggða innviði samfélagsins á staðnum.



Við heimsóttum fjölskyldur á okkar verkefnasvæði í ferð okkar til Malaví í janúar. Rúrik prófaði að bera vatnsbrúsa sem konurnar eru vanar að bera langar leiðir. Rúrik fannst mikið til koma hversu mikla þyngd konurnar eru vanar að bera.



Systkinasmiðja Umhyggju er námskeið fyrir krakka á aldrinum 8 - 14 ára sem eiga það sameiginlegt að eiga systkini með sérþarfir. Á námskeiðinu eru leyst ýmis verkefni.

Heimstaden

SOS Barnaþorpin á Íslandi og Heimstaden veittu Umhyggju, félagi langveikra barna, fjárstyrk að upphæð 2.535.000 íslenskra króna. Styrkurinn er til fjármögnunar á fjórum Systkinasmiðjum, vettvangi systkina barna með sérþarfir og sálfræðistuðningi við börnin. Árið 2021 hófst tímamótasamstarf SOS Barnaþorpanna við evrópska íbúðaleigufyrirtækið Heimstaden sem gengur undir heitinu "A home for a home".

Fyrir hvert heimili í íbúð Heimstaden, gefur fyrirtækið 100 evrur til SOS Barnaþorpanna árlega til fjármögnunar á starfsemi SOS í þágu barna. „A home for a home“ markaði tímamót hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi sem geta nú með aðkomu Heimstaden, í fyrsta skipti stutt við verkefni í þágu barna hér á landi.

Rammasamningur við utanríkisráðuneytið

SOS Barnaþorpin á Íslandi gerðu tímamótasamning við Utanríkisráðuneytið sem mun tryggja fjárfélagið og fjármögnun mikilvægra verkefna SOS í þágu velferðar barna og ungmenna víða um heim. Utanríkisráðherra og framkvæmdastjóri SOS á Íslandi undirrituðu rammasamning sem tryggir SOS Barnaþorpunum 255 milljónir króna á næstu þremur árum. Sérstök áhersla er lögð á fjölskylduefingu til stuðnings við barnafjölskyldur í sárafátækt og að efla þær til sjálfbærni. Einnig stendur til að samningurinn hjálpi til við fjármögnun á atvinnuhjálp ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi, og verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó.

Þórdís Kolbrún
Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra
og Ragnar Schram
framkvæmdastjóri SOS
á Íslandi undirrituðu
samninginn





Úkraína

Neyðaraðgerðir hafa staðið yfir í Úkraínu síðan Rússar réðust inn í landið í febrúar. SOS Barnaþorpin um allan heim réðust strax í víðtæka neyðarsöfnun til að bregðast við þeirri miklu þörf sem skapaðist fyrir mannúðarstarfi. SOS á Íslandi setti einnig í gang söfnun sem í söfnuðust nærri 12 milljónir króna og ákvað stjórn SOS að bæta 5 milljónum við úr neyðarsjóði. Alls sendi SOS á Íslandi um 16,8 milljónir króna til neyðaraðgerða í Úkraínu. Þörfin fyrir áframhaldandi mannúðaraðstoð er áfram ríkjandi í Úkraínu og er búist við að svo verði áfram næstu ár. SOS á Íslandi ákvað því að bjóða upp á fasta mánaðarlega styrktarleið fyrir Úkraínu.

Starfsemi SOS Barnaþorpanna í Úkraínu hófst árið 2003 með fjölskylduefningu og árið 2010 var barnaþorp sett á laggirnar í Brovary sem er í útjaðri höfuðborgarinnar Kænugarðs. Árið 2012 hófst svo starfsemi SOS í Lugansk í austurhluta Úkraínu. Starfsemin er mjög víðtæk og nær til um um 2.300 einstaklinga, allt í þágu barna. 53 Íslendingar eru SOS-foreldrar barna í Úkraínu en þar voru um 150 börn og ungmenni í umsjá SOS.

Styrktaraðilar SOS fá endurgreitt frá Skattinum

Í lok árs 2021 tóku gildi ný lög sem í stuttu máli þýða að styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna fá nú árlega endurgreiðslu frá skattinum. Hér er átt við skattgreiðendur og þá heildarupphæð sem þeir gefa til almannaheillafélaga. Einstaklingur getur fengið skattfrádrátt (lækkun á tekjuskatts-skattstofni) allt að 350 þúsund krónum á ári samkvæmt þessum nýju lögum. Samanlagt geta hjón eða sambúðarfólk því lækkað skattstofninn sinn um 700 þúsund



krónur. Lágmarksframlag á ári þarf að vera 10.000 krónur til að endurgreiðsla fáiast. Sem styrktaraðili SOS Barnaþorpanna þarftu ekkert að aðhafast til að fá þessa endurgreiðslu því framlög þín eru forskráð á skattframtalið þitt. Árið 2022 var fyrsta heila skattaárið eftir þessa lagabreytingu og sendu SOS Barnaþorpin á Íslandi upplýsingar til Skattsins um framlög að upphæð 585 milljónum króna sem lækka skattstofn styrktaraðila sem því nemur.

SOS-barnaþorpin á Íslandi

Fyrirmyndaryfirtæki 2022



SOS er fyrirmyndaryfirtæki VR

SOS Barnaþorpin á Íslandi höfnuðu ofarlega í vinnustaðakönnun V.R. og eru í hópi fyrirmyndaryfirtækja V.R. í flokki lítilla fyrirtækja árið 2022. Starfsfólk SOS tók á móti viðurkenningu þess efnis á athöfn V.R. í Silfurbergi í Hörpu. Hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi starfar fámennur hópur sem er samstilltur, stoltur af því að vinna fyrir samtökin og ánægður í starfi. Þetta endurspegladist í niðurstöðu könnunarinnar þar sem starfsfólk SOS skoraði 4,69 af 5 mögulegum í lykilþáttum í vinnuumhverfi.



Rúrik lét verðlaunafé renna til SOS

SOS Barnaþorpunum á Íslandi bárust peningagreiðslur frá sjónvarpsstöðvum í Þýskalandi sem nema samtals tæplega 2,2 milljónum króna. Um er að ræða fjárhæðir sem Rúrik Gíslason, velgjörðasendiherra SOS á Íslandi, vann sér inn í spurninga- og þrautþáttum þar sem verðlaunafé keppenda rennur til góðgerðarmála. Eins og margir vita eflaust hefur Rúrik verið afar öflugur í að vekja athygli á starfsemi SOS Barnaþorpanna sem hann lætur sig varða af öllu hjarta. Hann kaus að láta vinningsfé sitt í umræddum sjónvarpsþáttum í Þýskalandi renna til SOS á Íslandi. Um er að ræða þrjár greiðslur, rúmar 41 þúsund krónur, rúmar 462 þúsund krónur og rúmar 1,6 milljónir króna. Upphæðinni var ráðstafað í fjölskylduefningu SOS í Malaví sem SOS á Íslandi er í ábyrgð fyrir og heimsótti Rúrik einmitt verkefnasvæðið þar í landi í janúar 2022.





Thelma og Brynhildur hönnuðu og handsaumuðu poka sem þær seldu til styrktar SOS í Úkraínu. Pokarnir seldust fljótt upp.

Framlög barna og ungmenna

Á hverju ári styrkja börn á Íslandi samtökin með ágóða af skemmtilega fjölbreyttum fjáröflunarleiðum. Meðal slíkra framlaga má nefna 155.000 króna framlag til neyðarsöfnunar fyrir börn í Úkraínu frá tveimur unglingsstúlkum. Á bak við framlagið er mikil vinna og metnaðarfull hugmynd sem frænkurnar Thelma Ósk Eiríksdóttir og Brynhildur Anna Gunnarsdóttir komu í framkvæmd. Þær útskrifuðust úr Langholtsskóla um vorið og ákváðu að lokaverkefnið þeirra yrði að hanna og handsauma poka sem þær svo seldu til styrktar SOS í Úkraínu.

Einnig er vert að geta rúmlega 100 þúsund króna framlags frá nemendum í Stapaskóla í Reykjanesbæ sem ákváðu að láta gott af sér leiða í stað þess að gefa jólagjafir sín á milli eins og hefð er fyrir. Þá söfnuðu nemendur í Salaskóla 120 þúsund krónum í tengslum við Öðruvísi jóladagatal SOS en það er ágóði af sölu á föndri og veitingum á jólamarkaði sem þau stóðu fyrir. Það er alltaf ánægjulegt að verða vitni af því hvað íslenskum börnum er umhugað um jafnaldra sína sem búa við ólíkar aðstæður annarsstaðar í heiminum.

Gleðipinnar styrkja 18 börn

Veitinga- og afþreyingarfélagið Gleðipinnar studdi við starf SOS Barnaþorpanna á myndarlegan hátt með því að gerast SOS-foreldrar 18 barna í SOS barnaþorpum víðsvegar um heiminn. Það þýðir að hver staður undir hatti Gleðipinna styrkir eitt barn í SOS barnaþorpi mánaðarlega þangað til börnin flytja úr barnaþorpunum og fara að standa á eigin fótum. Þessi útfærsla á fyrirtækjastuðningi við börnin er í raun einsdæmi en hugmyndin kom að frumkvæði Gleðipinna sem vilja hvetja starfsfólk sitt og viðskiptavini að styðja við starf SOS Barnaþorpanna.



Það var táknrænt að Gunna á Stælnum tók á móti fyrsta „styrktarbarninu“, eða öllu heldur möppunni með upplýsingum um styrktarbarnið. Gunna er elsti starfsmaður Gleðipinna og hefur stýrt American Style í Skipholti í 25 ár og alið upp fjöldann allan af íslenskum fyrirmyndarbörnum. Rúrik Gíslason, velgjörðasendiherra SOS, afhenti Gunnu möppuna.

Stríð í Úkraínu



Þegar börn upplifa áfall er fátt mikilvægara en að hlúa vel að andlegri heilsu þeirra. Þetta veit Oksana, sálfræðingur til margra ára í SOS barnaþorpinu í Brovary í Úkraínu sem staðsett er í útjaðri höfuðborgarinnar Kænugarðs.

„Ég er í augnablikinu stödd í kjallara ásamt sonum mínum, fjögurra og tólf ára. Flugskeyti fljúga hér yfir okkur,“ sagði Oksana í símtali frá Brovary. Eftir að innrás Rússa hófst hefur hún unnið náið með börnum og fósturfjölskyldum, bæði staðbundið og í gegnum fjarfundi, og

”
**Börnin eru
mjög hrædd**

hjálpað þeim að komast yfir óbærilega hræðslu. Börnin og fjölskyldur þeirra sem eru á ábyrgð SOS Barnaþorpanna voru þennan dag ýmist í

barnaþorpinu í Brovary eða borginni Truskavets, nálægt pólsku landamærunum.

Líkamleg einkenni óttans

Oksana segir að öll börnin hafi sýnt sömu líkamlegu einkenni ótta og kvíða þegar innrás Rússa hófst. „Börnin fóru að borða mikið af sætindum að sögn allra foreldranna. Sum barnanna misstu þvag, urðu kvíðin og köstuðu upp. Þau sýndu mismunandi líkamleg viðbrögð. Fósturmóðir eins drengs sagði mér að hann hefði alveg upp úr þurru klætt sig í úlpu og skó og staðið þannig lengi innan dyra.

Þetta sagðist hann hafa gert til að vera reiðubúinn að hlaupa af stað ef hann þyrfti að flýja eitthvert,“ sagði Oksana sem af sinni einstöku fagmennsku tókst að hjálpa börnunum að líða betur.

Hún kveðst afskaplega fegin því að börnin hafi komist burt frá Úkraínu þennan dag. „Börnin í Brovary heyrðu öll í sprengingum og urðu hrædd. Ég þarf ekki að vera sérfræðingur til að skilja líðan barnanna og foreldranna þegar ég lít í augu þeirra.“

Sýnilegur ótti foreldra smitast til barnanna

Oksana segir þetta hafa verið sérstaklega erfitt fyrir þá fullorðnu því þeir einbeittu sér svo mikið að því að fela ótta sinn. Ef tilfinningalegt ástand foreldranna er sjáanlegt smitast það til barnanna, sérstaklega þeirra yngstu.

„Foreldrarnir finna til ábyrgðar og þeir vilja ekki hræða börnin. Það tekur verulega á að byrgja svona tilfinningar inni í sér og þetta er þung byrði á herðum foreldranna,“ segir Oksana. Hún bendir jafnframt á að það hjálpi börnunum að þau geti sýnt tilfinningar sínar í svona aðstæðum. Þau séu þannig að tjá sig og Oksana býr yfir ákveðnum aðferðum til að beisla þessar tilfinningar barnanna. Sálfræðiaðstoð er stór þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna um heim allan enda koma mörg börn til samtakanna úr mismunandi aðstæðum.



Saumavél bjargaði fjölskyldunni

„Ég gat ekki séð
fyrir börnunum“



SOS á Íslandi fjármagnar fjölskyldueflingu í Malaví með stuðningi utanríkisráðuneytisins og Fjölskylduvina. Verkefnið okkar er í nágrenni barnaþorpsins í Ngabu þar sem komin er góð reynsla á annað slíkt verkefni. Á ferð okkar til Malaví á árinu hittum við Ariannes, fimm barna einstæða húsmóður, sem er nýútskrifuð úr fjölskyldueflingu í Ngabu. Fjölskyldan var á mörkum þess að leysast upp áður en fjölskyldueflingin kom til sögunnar.



„Ég gat ekki séð fyrir börnunum og sent þau í skóla. Hér verður reglulega uppskerubrestur og börnin fengu stundum aðeins eina máltíð á dag. Eitt barnanna minna er fatlað og átti sérstaklega erfitt því við áttum ekki öruggan samastað,“ segir Ariannes en með aðstoð fjölskyldueflingarinnar varð alger viðsnúningur á lífi fjölskyldunnar.

Börnunum forðað frá vændi

Ariannes er hæfileikarík saumakona og eftir að henni var hjálpað að kaupa saumavél fór hún að afla tekna. Hún hafði loks efni á að kaupa

mat og skólagögn fyrir börnin og eignaðist eigið húsnæði.

Þessi smávægilega aðstoð er miklu stærri en hún virðist í fyrstu eins og Ariannes útskýrir. „Það sem fjölskyldueflingin gerði fyrir okkur var að koma í veg fyrir að börnin hætti í skóla, að þau myndu svelta og mjög líklega leiðast út í vændi. Það eru því miður örlög margra barna hér á þessu svæði,“ segir Ariannes en meðal afleiðinga vændis er mikil útbreiðsla HIV tilfella með tilheyrandi dauðsföllum og eftir standa munaðarlaus börn.

13.500 börn að verða munaðarlaus?

Charles Mthengomwacha, verkefnisstjóri fjölskyldueflingarinnar sem SOS á Íslandi rekur skammt frá, undirstrikar hversu stórt þetta vandamál er. „Aðeins hér á Ngabu svæðinu eru 13.500 börn í raunverulegri hættu á að verða munaðarlaus.“

Takk Íslendingar

Ariannes vildi að lokum koma á framfæri þakklæti til Íslendinga sem styðja við fjölskyldueflingu. Hún lítur nú björtum augum til framtíðar. „Ég finn mikið öryggi í því að búa í eigin húsnæði og ég afla tekna með saumamennskunni. Börnin fá að borða og þau sækja skóla.“

Viðtal: Hans Steinar Bjarnason
Ljósmyndir: Jón Ragnar Jónsson

Rúrik & Jói, í MALAVÍ



Stærsta fjáröflunarverkefni ársins

Stærsta fjáröflunarverkefni ársins var án efa gerð sjónvarpsþáttarins Rúrik og Jói í Malaví sem sýndur var í Sjónvarpi Símans um páskana 2022. Síminn greiddi fyrir framleiðslu þáttarins og studdi þannig myndarlega við verkefnið sem stóðst allar væntingar og vakti mikla athygli á starfi samtakanna. Áætlað er að tengja megi yfir 400 nýskráningar SOS-foreldra og fjölda annarra styrktaraðila við sýningu þáttarins og aðra umfjöllun um hann.

SOS-foreldrum fækkaði hjá öllum fjáröflunarlöndum SOS Barnaþorpanna nema þremur á árinu enda efnahagsástandið í heiminum gríðarlega erfitt. Ísland var þó eitt þeirra þriggja landa þar sem SOS-foreldrum fjölgaði og ber Ísland þar í raun höfuð og herðar yfir hin löndin tvö. Í Frakklandi fjölgaði um einn, í Finnlandi um 20 en á Íslandi fjölgaði um 423 SOS-foreldra. Það er óhætt að segja að þessi mikla kynning á starfi SOS meðal Íslendinga leiki þar aðalhlutverk.

Þessi ferð gerði mig eiginlega orðlausan

Rúrik Gíslason er einn af velgjörðasendiherrum SOS á Íslandi og hann hefur frá árinu 2018 verið SOS-foreldri. Rúrik styrkir 14 ára dreng sem heitir Blessings í SOS barnaþorpinu í Ngabu í Malaví og í janúar fór Rúrik utan að heimsækja drenginn og kynnst aðstæðum fólks í Malaví sem er eitt af fátækustu löndum heims. Með Rúrik í för var mágur hans Jóhannes Ásbjörnsson sem styrkir einnig barn í sama barnaþorpi. Tilgangur ferðarinnar var að gera umræddan sjónvarpsþátt.

Rúrik var búinn að styrkja Blessings í fjögur ár þegar kom að heimsókninni og hann vissi sitthvað um drenginn. M.a. að helstu áhugamál hans væru fótbolti og dans svo ljóst var að þeir áttu eitthvað sameiginlegt. SOS foreldrar fá tvö bréf á ári með upplýsingum um styrktar börnin sín og eina mynd á ári.

„Ég les bréfin í gegn en ég verð að viðurkenna að það var mér frekar fjarlæggt að ég væri að styrkja barn í Malaví. Nú þegar ég er búinn að heimsækja Blessings þá er staðan gerbreytt. Núna sé ég eiginlega eftir því að hafa ekki sett mig í samband við hann fyrr. Það er eitt að skrá

sig sem styrktarforeldri (SOS-foreldri) en ég hvet þá sem það gera að lesa bréfin og kynnst börnunum.“ Rúrik hlakkar nú sérstaklega til að fá næstu bréf með fréttum af Blessings. „Engin spurning. Nú þekki ég Blessings og hef hitt hann.“





Vonin er svo mikilvæg

Það fór vel á með Rúrik og Blessings þó þeir hafi báðir verið dálítið feimnir í upphafi. „Við náðum vel saman. Mér fannst hann uppveðrast eftir því sem leið á heimsóknina og ég skynjaði svo mikla von hjá honum þegar ég spilaði fótbolta með honum. Ég fékk á tilfinninguna að ég hefði verið að gefa honum smá von. Ég reyndi bara að hvetja hann eins mikið og ég gat. Hann ætlar sér að verða læknir í framtíðinni. Ég held það sé mjög algengt hjá börnum í þessu landi að þau missa trú á markmiðum sínum því tækifærin eru af skornum skammti. Þessi börn þurfa að geta trúað því að draumar þeirra rætist.“

Rúrik segir að ferðin hafi að vissu leyti breytt sýn sinni á lífið. „Fólkið þarna er á öðrum hraða en við heima á Íslandi. Við erum alltaf á öðru hundradinu, að stressa okkur og ætla okkur of mikið. Við erum líka að pirra okkur á hlutum sem í raun skipta engu máli í stóra samhenginu.“

Meningarsjokk

Malaví er eitt af fátækustu löndum heims, í 172. sæti af 182 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna. Rúrik var að koma til Afríku í fyrsta sinn og hann viðurkennir að þessi heimsókn hafi komið honum gjörsamlega í opna skjöldu.

„Meningarsjokkið var mikið og það byrjaði eiginlega bara strax á flugvellinum. Flugstöðin í höfuðborginni Lilongve var eins og hún væri 100 ára gömul. Það var líka mjög áhugavert að keyra inn í borgina og sjá fólk við veginn að reyna að sjá fyrir sér með því að selja ýmsan varning, hvort sem það voru ávextir eða gömul dekk. Ég get samt ekki lýst menningarsjokkinu í orðum. Ég hef séð myndir frá Afríku en að koma þangað og sjá aðstæðurnar sem fólk býr við gerði mig orðlausan. Þessi ferð gerði mig eiginlega orðlausan,” segir Rúrik sem vill að lokum lýsa þakklæti sínu fyrir að vera velgjörðasendiherra SOS og fá tækifæri til að kynna starfi samtakanna á þennan hátt.

Viðtal: Hans Steinar Bjarnason
Ljósmyndir: Jón Ragnar Jónsson

Próunar- og neyðarverkefni



SOS Barnaporpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök, en ítrekað verða hamfarir af ýmsu tagi nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Með áratuga reynslu og dygga styrktaraðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförunum. Samtökin halda einnig úti þróunarverkefnum í þágu barna og ungmenna. Heildarframlög SOS á Íslandi til slíkra verkefna voru 78,6 milljónir króna á árinu.

Meðal verkefna 2022

- Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó
- Atvinnuefling ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi
- Neyðaraðstoð vegna þurrka á austurhorni Afríku
- Neyðaraðstoð vegna afleiðinga stríðsátaka í Eþíópíu
- Neyðaraðstoð vegna stríðsins í Úkraínu

Á árinu 2022 hófst einnig söfnun fyrir neyðaraðgerðum vegna flóða í Pakistan en þeir fjármunir voru ekki bókfærðir á rekstrarárinu 2022. Þeir styrktaraðilar SOS Barnaporpanna á Íslandi sem greiða frjáls framlög og valkröfur í heimabanka taka meðal annars þátt í fjármögnun þessara verkefna.



Skólamáll



Sólblómaleikskólar

Yfir 20 leikskólar víða um landið eru SOS Sólblómaleikskólar. Um er að ræða samstarfsverkefni SOS Barnaþorpanna og leikskóla á landinu þar sem við lærum um líf barna víðs vegar um heiminn, um réttindi barna og hvernig við getum hjálpast að við að gera heiminn að betri stað fyrir börn. Margir leikskólar styrkja eitt barn í SOS barnaþorpi eða styrkja samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun. Á hverju ári útbúum við fræðsluefni fyrir leikskólabörnin.

Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi. Í ár fengum við að kynnst Bosníu-Hersegóvínu.


Leikskólarnir fá einnig send til sín sólblómafræ til að sá á hverju ári. Sólblómin eru tákn verkefnisins því sólblóm og börn eru ekki svo ólík, bæði þurfa næringu og umönnun til að vaxa og dafna.

Öðruvísi jóladagatal

SOS á Íslandi stóð fyrir Öðruvísi jóladagatali sjöunda árið í röð. Líkt og síðustu ár stóð dagatalið öllum til boða en var sérstaklega kynnt fyrir grunnskólum landsins. Dagatalið var þó öðruvísi í ár að því leyttinu til að það var framleitt og tekið upp í fyrsta skipti hér á landi í samstarfi við Risamyndir ehf. Utanríkisráðuneytið veitti verkefninu styrk.

Dagatalið í ár fjallaði um réttindi barna og farið var yfir allar greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á barnvænan og skýran hátt auk þess sem við fengum að kíkja í heimsókn til barna sem búa víðs vegar um heiminn. Samhliða dagatalinu fórum við af stað með söfnun sem börnin gátu tekið þátt í en öll framlög sem söfnuðust fara í fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna í Malaví.

*Hjördís Rós Jónsdóttir
fræðslufulltrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi*





Velgjörðafyrirtæki SOS

Velgjörðafyrirtæki SOS Barnaþorpanna á Íslandi sýna samfélagslega ábyrgð og stuðla að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem SOS vinnur að með margþættu starfi. Að bera þennan titil er yfirlýsing viðkomandi fyrirtækis um að það geri heiminn betri fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn og stuðli að betra lífi fyrir sárafátækar barnafjölskyldur.

GLEÐIPINNAR

Heimstaden

 **coredata**



VETTANGUR



Skráðu þitt
fyrirtæki á [SOS.IS](https://www.sos.is)



Fjármál

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og endurskoðandi samtakanna er Ernst & Young. Á vefsíðu okkar er ársreikningur birtur og höfum við gert slíkt til margra ára í því skyni að tryggja bæði eftirlit og gagnsæi. SOS Barnaþorpin leggja mikið upp úr gagnsæi í fjármálum og kappkosta að upplýsa styrktaraðila um alla þætti starfsins, þ.m.t. hvernig framlögum þeirra er ráðstafað og hve stór hluti þeirra fer í umsýslu.

Hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar á árinu 2022 var 19,1% sem er fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði í tengslum við erlend og innlend verkefni nemur kostnaðarhlutfallið 17,4%. Þetta þýðir að á árinu 2022 runnu 826 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparstarfið sem er tveggja krónu hækkun frá fyrra ári.

Þitt framlag

Þegar SOS-foreldri eða SOS-barnaþorpsvinur greiðir framlag til SOS Barnaþorpanna ábyrgjumst við að 85% fari í framfærslu styrktarbarnsins eða til barnaþorpsins. 15% af umsýslukostnaði er m.a. ráðstafað í eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila og þjónustu við núverandi. Af framlagi SOS-fjölskylduvina fara að lágmarki 80% í fjölskylduefninguna sjálfa en 20% í utanumhald. Ástæðan fyrir hærri umsýslukostnaði í fjölskylduefningu er að eftirlit með þeim verkefnum er flóknara en þar náum við til fleiri barna á verkefnatímanum.

Bókhald á hverju heimili

Áætlanir eru mikilvægar til að samtökin viti um kostnað í hverju landi og því þarf hver SOS móðir/faðir í barnaþorpi að gera áætlun um útgjöld. Þannig vitum við hversu miklu þarf að safna fyrir viðkomandi fjölskyldu. Styrktarforeldrar (SOS-foreldrar) greiða kostnað við uppihald barnanna og rekstur heimilisins. Allir reikningar sem SOS móðir/faðir greiðir eru færðir í bókhaldskerfi og þurfa samþykki yfirmanns.

Hvaða leið fer fjármagnið?

Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi eða verkefni. Í hverjum mánuði eru upplýsingar um hversu háa upphæð við höfum vilyrði fyrir frá styrktaraðilum settar í miðlægt kerfi samtakanna í Austurríki. Barnaþorpin senda upplýsingar um fjárþörf út frá sínum áætlunum inn í kerfið og eru þessar upplýsingar keyrðar saman. Þegar fjármagnið er komið á bankareikning SOS á Íslandi er það millifært til alþjóðaskrifstofu SOS Barnaþorpanna innan sex mánaða.

Er hættu á spillingu?

Þrátt fyrir gagnsæi og að ferlar séu til staðar verður hættu á misferli ekki útrýmt. En með öllum þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru, er verið að lágmarka áhættu eins og kostur er. Í siðareglum SOS Barnaþorpanna er skýrt tekið fram að spilling verður aldrei liðin innan samtakanna. Við störfum m.a. í löndum þar sem spilling er hluti af efnahagskerfinu og jafnvel hluti af menningunni. Slíkt flækir störf samtakanna þar sem við gerum ríka kröfu um heiðarleika. Tækniframfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en áður, í hvert barnaþorp og til hvers barns. Við höfum lent í því að skrifræðið hefur hægt á umbótum en þrátt fyrir það höldum við okkar striki og gefum engan afslátt af eftirliti.

Rakel Lind Hauksdóttir
fjármál- og fjáröflunarstjóri

Lykiltölur

Tekur árið 2022

704,4

milljónir króna

Skipting tekna 2022 í milljónum króna

Tekjuliður	m. kr
Framlög SOS-foreldra og barnaþorps- og fjölskylduvina	459,5
Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar	157,1
Opinber framlög	94,8
Húsaleigutekjur	2,7
Fjármagnstekjur og gengishagnaður/(tap)	-9,8
SAMTALS	704,4

Gjöld árið 2022


752,2

milljónir króna

Skipting gjalda 2022 í milljónum króna

Tekjuliður	m. kr
Framlög send úr landi	611,7
Stuðningur við verkefni innanlands	5,8
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	134,7
SAMTALS	752,2

Skipting framlaga til SOS Barnaþorpanna 2022



Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaþorpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasíðunni [sos.is](https://www.sos.is).

9.151



Styrktarbarn
Íslendinga í
109 löndum

826 kr



Af hverju 1.000 kr
framlagi renna 826 kr
í sjálft hjálparstarfið

717



Fyrirtæki styrktu
SOS Barnaþorpin á
Íslandi

21.874



Einstaklingar styrktu SOS
Barnaþorpin á árinu

10.401



Íslendingur styrkti starf
SOS Barnaþorpanna með
mánaðarlegu framlagi

SOS fólkið á Íslandi 2022

Starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi miðar að því að afla styrktaraðila fyrir hjálparstarf samtakanna í yfir 130 löndum í Mið- og S-Ameríku, Afríku, Asíu og A-Evrópu. Einnig er þjónusta við styrktaraðila stór og mikilvægur þáttur í starfseminni hér á landi.

Á skrifstofu SOS á Íslandi starfa átta manns, fjórir í fullu starfi og fjórir í hlutastörfum. Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru að meðaltali 5,6 á árinu 2022 en voru 5,8 árið 2021.

Lagabreyting er tekin gildi hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi sem gerir styrktaraðilum kleift að skrá sig sem félagi í samtökunum. Félagar greiða 2.500 króna árgjald og öðlast rétt til að sitja aðalfundi, bjóða sig fram til stjórnar og kjósa á aðalfundi. Breytingin fól m.a. í sér að fulltrúaráð SOS var lagt niður og hafa aðildarfélagar nú tekið yfir hlutverk þess.

Starfsfólk (5,6 stöðugildi):

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri

Rakel Lind Hauksdóttir, fjármála- og fjáröflunarstjóri

Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúi

Helga Bára Bragadóttir, sérfræðingur í hálfu starfi

Katrín Guðlaugsdóttir, þjónustufulltrúi

Auður Ösp Gylfadóttir, þjónustufulltrúi í 60% starfi

Hjördís Rós Jónsdóttir, fræðslufulltrúi í hálfu starfi

Þorsteinn Garðarsson, verktaki, kerfisfræðingur frá Textor ehf

Sigurlaug Halldórsdóttir, bókarí í 10% starfi

Stjórnarmeðlimir:

Kristján Þ. Davíðsson, formaður

María F. Rúriksdóttir

Ólafur Örn Ingólfsson

Hildur Hörn Daðadóttir, varamaður

Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir, varamaður

Velgjörðasendiherrar SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Eliza Reid

Hera Björk Þórhallsdóttir

Rúrik Gíslason

Vilborg Arna Gissurardóttir

Stjórnarmeðlimir og velgjörðasendiherrar starfa í sjálfboðavinnu.

Ungmennaráð SOS 2022

Birta Ýr Jónasdóttir

Elísabet Kristín K Kvaran

Embla Waage, ritari

Gabriella Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Íris Torfadóttir, gjaldkeri

Jim Hólmsteinsson

Júlía Guðmundsdóttir, formaður

Kornelía Pöll M. Bjarnadóttir

Magnús Torfason, varagjaldkeri

Margrét Líf Jóhannesdóttir, vararitari

Rannveig Lilja Sigurðardóttir

Nína Þorbjörg



TAKK

21.874 ÍSLENDINGAR
og **717** fyrirtæki
fyrir stuðninginn árið **2022**



SOS
BARNAPORPIN